



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

*Efni: Samningur um samrekið almennings- og skólabókasafn milli menningar- og ferðamálasviðs og skóla- og frístundasviðs*

Árið 2012 var skrifuð forsögn að nýju mannvirki í Úlfarsárdal. Þar var gert ráð fyrir skóla, leikskóla, almenningsbókasafni, menningarmiðstöð, frístund og íþróttahúsi. Var lagt upp með að leitað yrði leiða til að skoða samlegð og samvinnu allra þessara stofnana og í framhaldi samvinnu við Fram sem reka munu íþróttahúsið.

Í hönnunarferlinu þar sem stuðst var við verklag „design down“ voru þættir eins og samrekstur almennings- og skólabókasafns fljótlega settir niður sem samlegðarávinningur fyrir báðar stofnanirnar. Samlegðarávinningur yrði faglegur, rekstrarlegur og menningarlegur.

Fljótlega var ákveðið að almenningsbókasafn og menningarmiðstöð yrðu rekin sem ein stofnun. Þegar leið á hönnunarferlið kom upp sú hugmynd hvort það leyndist ekki hagkvæmi í því að reka saman almenningsbókasafn og skólasafn í einni stofnun. Snertifletir þessara tveggja tegunda bókasafn afar margvíslegir og því þótti nokkuð vel í lagt að reka tvö bókasöfn í sömu byggingunni. Hagkvæmnin felst í beinum fjárhagslegum ávinningi fyrir báða aðila, en ekki er síður ávinningur fyrir notendur að skólasafnið sé einnig almenningsbókasafn. Nemendur hafa þar mun betri aðgang að almenningsbókasafni hverfisins og kynnast starfsemi þess og kostum strax frá fyrsta degi í skóla, en ekki aðeins í gegnum hefðbundnar skólaheimsóknir á almenningsbókasafnið.

Samrekin skóla- og almenningsbókasöfn eru nokkuð algeng á landsbyggðinni sem og á Norðurlöndum. Til að mynda eru slík söfn í nokkrum skólum í Árósum í Danmörku og þetta þar sem almenningsbókasafnakerfi borgarinnar til muna svo dæmi sé tekið. Einnig má benda á afar framsækið almenningsbókasafn í úthverfi Kaupmannahafnar, Ørestad Bibliotek sem þjónar bæði grunnskóla og menntaskóla sem eru staðsett í sömu byggingu. Sjá <https://bibliotek.kk.dk/bibliotek/orestad>

Samkvæmt 10. gr. bókasafnslaga nr. 150/2012 er heimilt að reka almenningsbókasafn og skólasafn grunnskóla saman, enda sé gerður um það skriflegur samstarfssamningur milli bókasafnsstjórnar og skólanefndar með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna.

Gert er ráð fyrir að fjárheimildir Dalskóla vegna kostnaðar skólans verði fluttar til Borgarbókasafnsins.